

**Sp.**

**283. Fyrirspurnir.**

[152. mál]

I. Til sjávarútvegsmálaráðherra um athugun á radióstaðsetningarkerfum fyrir siglingar.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um athugun á radióstaðsetningarkerfum fyrir siglingar með sérstöku tilliti til fiskveiða, sem samþykkt var í sameinuðu Alþingi 18. apríl 1967?

II. Til samgöngumálaráðherra um lagningu Vesturlandsvegar.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni.

1. Var lagning Vesturlandsvegar, þ. e. sá hluti, sem nú er unnið að, boðin út, áður en framkvæmdir hófust?
2. Ef svo var ekki, hver er þá ástæðan til, að Íslenskir aðalverktakar voru ráðnir til að sjá um framkvæmd verksins án útboðs, og hveitók þá ákvörðun?
3. Hafði ekki Vegagerð ríkisins sjálf möguleika á að vinna verkið á jafnhagkvæman hátt? Hefur hún haft verkefni í haust og vetur fyrir vinnuvélar sínar og þá starfsmenn, sem þarf að sjá fyrir vinnu svo að segja allt árið, eins og um fasta starfsmenn væri að ræða?